

Bændahjónin svöruðu engu; þau voru sem steini lostin og gátu ekkert hugsað.

Hún náði sér aftur og hélt áfram : „Við erum tvö ein, maðurinn minn og eg. Við skyldum sjá um hann —. Viljið þið.

Bóndakonan fór nú að renna grun í, hvað væri á seyði, og spurði :

„Þér viljið taka hann Kalla af okkur ? Ónei, það verður ekkert af því!“

Þá tók d'Hubrieres, herramaðurinn, fram í:

„Konan mín hefir ekki gert vel grein fyrir erindi sínu. Okkur langar til að gera hann að kjörsyni okkar, en hann gæti komið við og við að finna ykkur. Verði hann nýtur maður, eins og öll ástæða er til að ætla, arfleiddum við hann. Ef við skyldum eignast börn, skal hann erfa til jafns við þau. En launi hann fóstrið illa, skulum við gefa honum, er hann nær lögaldri, tuttugu þúsund franka, sem lagt verður á banka í hans nafni. Um ykkur höfum við líka hugsað, og skulum við greiða ykkur fram á dánardægur hundrað franka á mánuði. Hafið þið nú skilið mig til fullnustu?“

Konan var staðin á fætur og réð sér ekki fyrir bræði.

„Þið viljið, að eg selji ykkur hann Kalla ? Ónei. Það er dá-snoturt að fara fram á slíkt við —móður. Ónei. Það væri svívirðing!“

Bóndinn sagði ekkert, en var þungbúinn og hugsi. Hann samsinti orðum konu sinnar með því að kinka kolli.

Frú d'Hubrieres brugðust vonir ; hún tók að